

Stjórn Íslandsbanka hf.
Hagasmára 3
201 Kópavogur

Reykjavík 6. mars 2023

Efni: Ályktun vegna aðalfundar 16. mars 2023

Með vísan til boðunar á aðalfund Íslandsbanka hf. óskar Gildi-lífeyrissjóður eftir því að koma á framfæri eftirfarandi ályktun varðandi dagskrárlið 8 á aðalfundinum.

Dagskrárliður 8: Tillaga stjórnar um starfsreglur tilnefningarnefndar bankans

Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir því að gerð verði grein fyrir eftirfarandi afstöðu af fundarstjóra og að afstaðan verði færð til bókar í fundargerð aðalfundarins:

Í fyrirbyggjandi tillögu stjórnar eru lagðar til breytingar til samræmis við 53. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Gildi-lífeyrissjóður styður vitaskuld að félagið starfi á hverjum tíma í samræmi við lög en telur þrátt fyrir það rétt að koma á framfæri athugasemdum varðandi efni breytinganna.

Að mati Gildis liggja ekki góð rök að baki því, sem kveðið er á um í hinum nýju lögum, að a.m.k. þriðji hver nefndarmaður í tilnefningarnefnd skuli vera stjórnarmaður og aldrei færri en einn. Að mati Gildis bendir reynslan undanfarin ár meðal skráðra félaga á innlendum markaði raunar til hins gagnstæða, að það sé heppilegra fyrirkomulag að stjórnarmenn eigi almennt ekki sæti í tilnefningarnefndum. Þá kemur það einnig nokkuð spáskt fyrir sjónir, samkvæmt hinum nýju lögum sem verið er að innleiða á þessum fundi, að tilnefningarnefndir banka skuli nú jafnframt að hafa það lögbundna hlutverk að leggja mat á störf framkvæmdastjóra og stefnu fyrirtækisins um ráðningu framkvæmdastjóra og ákveðinna stjórnenda. Að mati Gildis er mun eðlilegra að umrædd verkefni séu á hendi stjórnar, ekki tilnefningarnefndar. Þess ber að geta að ekki er að sjá að ofangreindar breytingar í íslensku löggjöfinni eigi sér endilega stoð í þeim evrópsku reglum sem verið var að innleiða þar sem þessi efnisatriði eiga við um félög með annars konar stjórnskipulag en tíðkast á Íslandi. Gildi telur þessar breytingar ekki til eftirbreytni fyrir önnur skráð félög á markaðinum. Eru þær ef til vill þess eðlis að framangreind lagaákvæði þarfnist í raun endurskoðunar.

Þá vísar Gildi til afstöðu sinnar á síðasta aðalfundi félagsins og hvetur til þess að starfsreglur tilnefningarnefndar og eftir atvikum samþykktir félagsins verði endurskoðaðar og lagðar til breytingar að ári á þá leið að allir fulltrúar í tilnefningarnefnd verði kosnir eða staðfestir af hluthafafundi.

Þá vekur Gildi enn fremur athygli á afstöðu sinni á síðasta aðalfundi um samspil hlutverks tilnefningarnefndar og Bankasýslu ríkisins. Raunar virðist sem hlutverk Bankasýslu ríkisins við tilnefningu í stjórn Íslandsbanka fari í bága við 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki þar sem 7. mgr. 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki gerir eingöngu ráð fyrir því að ákvæðið gildi ekki ef tilnefningar allra stjórnarmanna falli undir ákvæði 7. gr. laga um Bankasýslu ríkisins. Ljóst er

að tilnefningar allra stjórnarmanna Íslandsbanka falla ekki undir 7. gr. laga um Bankasýslu ríkisins og því vandséð að ákvæði 3.3. í starfsreglum tilnefningarnefndar sé í samræmi við ákvæði 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Með hliðsjón af framangreindu situr Gildi-lífeyrissjóður hjá við atkvæðagreiðslu varðandi starfsreglur tilnefningarnefndar bankans.

Virðingarfyllt,
Gildi-lífeyrissjóður